

Ed.

447. Frumvarp til laga

[148. mál]

um eyðingu refa og minka.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Landbúnaðarráðuneytið hefur yfirstjórn allra mála, er varða eyðingu refa og minka.

Ráðuneytið nýtur aðstoðar veiðistjóra, sem skipaður er af landbúnaðarráðherra. Skal hann hafa sérþekkingu á lifnaðarháttum minka og refa og veiðiaðferðum þeim, sem unnt er að beita gegn vargdýrum þessum.

2. gr.

Veiðistjóri skal, svo sem kostur er, afla upplýsinga um refa- og minkastofninn og útbreiðslu hans í landinu, leiðbeina veiðimönnum, er fást við eyðingu refa og minka, halda námskeið fyrir veiðimenn og skipuleggja aðgerðir á stærri svæðum, þegar nauðsyn þykir, og gera tilraunir með ný tæki og vinnsluaðferðir, er líklegar þykja til þess að eyða dýrum þessum. Hann skal árlega gera yfirlit um veiðiaðgerðir í landinu og árangur þeirra, enda er sýslumönnum skylt að senda honum allar veiðiskýrslur og upplýsingar, er veiðistjóri þarf vegna starfs síns. Yfirlit þetta skal birta ár hvert opinberlega.

Skylt er veiðistjóra að gera tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um allt það, er hann telur að stuðla megi að útrýmingu refa og minka.

3. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar skulu ásamt veiðistjóra sjá um, að stjórnir bæja og sveita annast eyðingu refa og minka, hver á sínu svæði. Eigi fleiri sveitir eða bæir sameiginlegt upprekstrarland, skal fela stjórn viðkomandi upprekstrar- eða fjallskilafélags eyðingu nefndra vargdýra, og skal kostnaði við eyðingu jafnað á

þá aðila, er upprekstrarrétt eiga, án tillits til þess, hvort upprekstrarréttur er notaður eða ekki.

Nú hefur hreppur farið í eyði, og skal þá sýslumaður sjá um framkvæmd laga þessara á því svæði á kostnað ríkissjóðs, sem svarar hluta hreppsins.

4. gr.

Sérhver sveitar- og bæjarstjórn eða stjórn upprekstrarfélags, sbr. 3. gr., skal á hverju vori sjá um grenja- og minkaleitir í heima- og afréttarlöndum hreppsins (bæjarfélagsins), hvort sem lönd þessi liggja utan eða innan sýslufélagsins (bæjarfélagsins), og sjá um vinnslu grenja og minkabæla.

5. gr.

Stjórnir sveita, bæja eða upprekstrarfélaga skulu ráða veiðimenn, einn eða fleiri, til þess að leita að og vinna greni og minkabæli á þeim svæðum, sem þeim ber skylda til.

Ráða skal sérstakan mann eða menn (skotmenn) til þess að vinna greni. Heimilt er einnig að ráða vökumann, sem skotmaður tekur gildan til þess að vera með skotmanni á greni.

Þar sem betur þykir henta, skal að fengnu samþykki skotmanns ráða sérstakan mann eða menn til þess að vinna mink og minkabæli. Skal sýslumaður, í samráði við veiðistjóra, hafa eftirlit með því, að veiðimenn þessir geri tvisvar á ári að minnsta kosti skipulagða leit á þeim slóðum í lögsagnarumdæminu, sem minka er helzt von, í því skyni að eyða mink.

Veiðimenn þeir, sem hér um ræðir, skulu reiðubúnir til starfs, þegar þörf krefur og hvenær sem greni eða minkabæli finnst.

6. gr.

Óheimilt er öðrum en skotmönnum, sem til þess eru ráðnir samkvæmt 5. gr., að vinna greni eða taka yrðlinga, nema svo hafi staðið á, að ekki hafi náðst til skotmanns í tæka tíð.

7. gr.

Þegar greni finnst, sem lagt er í, hvort heldur í grenjaleit eða á öðrum tíma, skal það ekki yfirgefið, ef kostur er, fyrr en skotmaður er kominn á vettvang. Ef einn maður finnur grenið, og geti hann ekki komið vitneskju til skotmanns nema fara sjálfur, skal hann hraða för sinni og tilkynningu um fundinn svo sem frekast er unnt. Kostnaður við slíkt telst með öðrum refaeyðingarkostnaði.

8. gr.

Skotmenn og vökumenn, sem liggja á grenjum, sbr. 5. gr., skulu taka laun fyrir störf sín samkvæmt samningi við aðila þá, er sjá um vinnslu grenja. Heimilt er að semja um verðlaun fyrir unnin dýr og yrðlinga, þegar ráðningarkjör veiðimanna þessara eru ákveðin.

Á sama hátt skal semja um kaup þeirra manna, er taka að sér að vinna mink og minkabæli, sbr. 5. gr.

9. gr.

Nú vinnst hlaupadýr, og á þá sá, sem vinnur, kr. 250.00 í verðlaun fyrir hverja tófu.

Fyrir hvern mink, sem vinnst, skulu greiddar kr. 150.00 í verðlaun. Oddviti (bæjarstjóri) greiðir verðlaun þessi, enda séu honum færðar sannanir fyrir vinnslu dýranna.

10. gr.

Stjórnir sveitar- og bæjarfélaga skulu halda skrá yfir öll þekkt greni ásamt lýsingu á þeim. Gera má vörður eða skotbyrgi við greni, þar sem þörf er, og skulu skotmenn halda þeim við.

Heimilt er að eyðileggja greni, sem torunnin eru, og lagfæra önnur, sem eru auðunnin. Um slíkar aðgerðir skal hafa samráð við oddvita eða veiðistjóra. Ekki má láta hunda hlaupa á greni á grenjavinnslutímanum. Varast skal einnig að hafa þar óþarfa umgang og hark.

11. gr.

Skylt er að eitra fyrir refi og minka ár hvert í afréttum og heimalöndum, þar sem þessara vargdýra hefur orðið vart. Veiðistjóri getur þó ákveðið, að ekki skuli eitrad á vissum svæðum, ef henta þykir eða hætta er á, að eitrið geti útrýmt sjaldgæfum fuglategundum úr náttúruríki landsins. Skal við eitrun fylgja leiðbeiningum og fyrirmælum veiðistjóra. Stýfa skal hægri væng fugla, sem eitradir eru. Oddvitar eða bæjarstjórar sjá um eitrun, hver á sínu svæði. Héraðslæknar og lyfja-verzlanir láta oddvitum í té eitru samkvæmt fyrirmælum landbúnaðar- og heilbrigðismálaráðuneytisins.

12. gr.

Oddvitar, bæjarstjórar eða formenn upprekstrarfélaga skulu árlega gera skýrslur um eyðingu refa og minka, hver á sínu svæði, og skulu skýrslurnar, í tvíriti, fylgja reikningum yfir veiðikostnað til sýslumanns. Óheimilt er að greiða reikninga þessa nema veiðiskýrslur fylgi.

13. gr.

Stjórnir sveitarfélaga eða aðrir, sem annast eyðingu refa og minka samkvæmt lögum þessum, skulu ár hvert gera sundurliðað reikningsyfirlit um kostnað við starfsemi þessa. Skulu reikningar lagðir fyrir sýslunefnd til úrskurðar. Nú úrskurðar sýslunefnd reikninga rétta og hóflega, og ber þá að endurgreiða þeim aðilum, sem annast eyðingu minka og refa, $\frac{5}{6}$ hluta upphæðarinnar, greiðast $\frac{2}{3}$ hlutar af því úr ríkissjóði, en $\frac{1}{6}$ hluti úr sýslusjóði.

Veiðistjóri tekur laun samkvæmt VI. flokki launalaga auk nauðsynlegs ferða- og skrifstofukostnaðar.

14. gr.

Landbúnaðarráðuneytið setur að fengnum tillögum veiðistjóra reglugerð um meðferð og notkun eiturs til eyðingar refa og minka, um boga, gildirur, skotvopn og notkun þeirra. Enn fremur um skýrsluhald vegna refa- og minkaveiða.

Einnig er ráðuneytinu heimilt eftir tillögum veiðistjóra að setja fyllri ákvæði í reglugerð um efni þau, sem um ræðir í lögum þessum.

Stjórnarvaldsreglur um eyðingu refa og minka, sem settar hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, halda gildi sínu, þar til nýjar reglur hafa verið settar.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum eða reglugerðum, sem settar eru með stoð í þeim, varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Nú vanrækir sveitar- eða bæjarstjórn að framfylgja fyrirmælum þessara laga, og skal þá landbúnaðarráðuneytinu heimilt að svipta það sveitar- eða bæjarfélag framlagi því úr ríkissjóði, sem gert er ráð fyrir í lögum þessum, eitt ár í senn.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi þremur almanaksmánuðum eftir birtingu þeirra. Frá sama tíma eru numin úr gildi eftirgreind lög og lagaákvæði:

Lög nr. 3 15. febrúar 1895, um auðkenni á eitruðum rjúpum.

Lög nr. 56 25. maí 1949, um eyðingu refa og minka, og lög nr. 10 23. marz 1955, um breytingu á þeim lögum.